

## Aðalfundur foreldrafélags leikskólans Lyngholts.

**21.10.2025 kl: 20:00.**

Mætt á fundinn voru:

Helena Rán Stefáfánsdóttir

Gerður Rún Rúnarsdóttir

Elísabet Ólöf Þórðardóttir

Lísa Lotta Björnsdóttir

- Þurfum skoðunarmann fyrir reikninga næsta árs og bauð Elísabet Ólöf sig fram í það.
  - Elísabet fór yfir viðburði síðasta árs.
- Fyrirlesturinn Betri svefn kemur inn á ársreikning næsta árs, þar sem tímabilið er ágúst til ágúst og var fyrirlesturinn í september. Keyptum 10 túpur af Weleda kuldakremi til að hafa inn á öllum deildum, sá reikningur kemur einnig inn á næsta ársreikningi, var keypt í október.
- Eigin staða á reikningi félagsins við lok árs var 468.836, og viljum við mælast til þess að næsta stjórn sem tekur við eigi alltaf pening á reikningnum.
- Elísabet, Aneta og Sigurður sögðu af sér í stjórn og viljum við þakka þeim kærlega fyrir samstarfið.
- Vantaði okkur þá inn 2 meðlimi og ræddum við við fólk til að koma inn, viljum við bjóða Hjalta Karlsson, Sigurjón Kristinn Björgvinsson og Selmu Björt Stefánsdóttur hjartanlega velkomna í stórn.
  - Í stjórn fyrir árið 2025-2026 eru:
    - ★ Helena Rán Stefánsdóttir formaður
    - ★ Gerður Rún Rúnarsdóttir gjaldkeri
      - ★ Selma Björt Stefánsdóttir ritari
      - ★ Hjalti Karlsson stjórnarmeðlimur
    - ★ Sigurjón Kristinn Björgvinsson stjórnarmeðlimur
  - Bendum á að það er hægt að skoða lög félagsins inn á Karelenn.
    - Lísa Lotta sagði frá Foreldraráði sem tekur stærri ákvarðanir.
  - Viljum við endilega benda ykkur á að nýta íþróttaskólann sem er á laugardögum kl 10:00-11:00, Fjarðabyggð styrkir okkur með íþróttaskólann.
- Ákváðum að ræða við leikskólann um jólagjafir í ár, eins og fyrra þá gaf félagið 30 bækur á bókasafn Lyngholts sem hefur komið að góðum notum og viljum við gefa gjafir sem nýtast leikskólanum sem best.
  - Lyngholt er að losa sig við fullt af leikföngum sem standast ekki reglugerð og kröfur, vegna eiturefna og plasts, og þarf Lyngholt því ný leikföng.
  - Svo er í umræðunni að fá foreldra einu sinni á ári að taka lóðina í gegn, taka einn laugardag í verkið, með góðum fyrirvara.
  - Krakkarnir sem eru í 9-10 bekk sem eru að vinna á Lyngholti frískuðu upp á með málningu og fleiru.
  - Viljum við jafnvel auglýsa eftir grasslættri á sumrin þar sem það var einu sinni slegið þetta sumarið.
- Vonumst einnig eftir því að Samúel Karl verði með snjósmoksurinn við lóðina aftur, vorum mjög ánægð með hans verk og viljum við þakka honum kærlega fyrir.

- Minnum á fyrirlestur með Björgu um mikilvægi læsis, sem verður þann 13.11.2025 kl 17:30. Leikskólinn verður með opið hús sama dag frá kl 16:30-17:30, deildastjórar taka vel á móti foreldrum.
  - Viljum fá handrið við allar tröppur við leikskólann.
    - Fundi slitið kl 20:42